

24. SEPTEMBER
2023

HARPA
ELDBORG



Ungsveitin leikur Berlioz

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verks

Draumórasinfónían: 50'

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV
og verður útvarpað 2. nóvember kl 19:00

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Ungsveitin leikur Berlioz

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 24. SEPTEMBER KL. 17:00

Ungsveit
Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri

Ross Jamie Collins
aðstoðarhljómsveitarstjóri

Hector Berlioz

Draumórasinfónían op. 14 (Symphonie fantastique,
1830)

Draumar - ástríður (Rêveries - Passions)

Dansleikur (Un bal)

Í sveitinni (Scène aux champs)

Gangan til aftökunnar (Marche au supplice)

Nornadraumur - Dies irae - Nornadans (Songe d'une
nuit du sabbat)

For information in English about tonight 's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Listráð Ungsveitar SÍ

Listráð Ungsveitarinnar var stofnað 25. október 2022 og í því eiga átta Ungsveitarmeðlimir sæti ásamt fræðslustjóra SÍ. Listráðið kemur beint að framkvæmd og útfærslu Ungsveitarnámskeiðanna og prufuspila, leggur fram óskir um verkefnaval og hvernig móttöku nemenda í Ungsveitina skal háttað. Listráðinu var komið á fót svo ávallt sé lítið til áherslna og hugmynda Ungsveitarmeðlima við ákvarðanatöku varðandi hljómsveitarnámskeiðin líkt og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Ungsveit Sinfóníu- hljómsveitar Íslands

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð árið 2009 og hefur vakið verðskuldaða athygli. Fjöldi ungmenna úr tónlistarskólum landsins taka þátt í hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands ár hvert í Hörpu. Markmiðið með Ungsveitinni er að gefa tónlistarnemendum vettvang til að kynnast hinum sinfóníska heimi af eigin raun, og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin í ár er skipuð tæplega 100 ungum hljóðfæraleikurum en einnig koma hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands að verkefninu með þjálfun og undirbúningi, auk þess leika nokkrir þeirra með Ungsveitinni hér í dag.

Ungsveitin hefur flutt mörg helstu verk tónbókmenntanna undir styrki stjórn fyrsta flokk hljómsveitarstjóra, m.a. Rumon Gamba, Petri Sakari, Ilan Volkov og Evu Ollikainen, sem öll hafa gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Umsjón Ungsveitarinnar er í höndum Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra SÍ. Á næstu vikum verður tilkynnt um verkefnaval sveitarinnar að ári og verða prufuspil haldin voríð 2024.

Eliza Reid forsetafrú er verndari Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Nathanaël Iselin

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförunum árum. Hann hóf feril sinn sem aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Árósa og hlaut fyrstu verðlaun í hinni virtu Jorma Panula-hljómsveitarstjórakeppni árið 2021 sem haldin er í Vaasa í Finnlandi.

Iselin lærði hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki og Sakari Oramo. Iselin er einnig slagverksleikari og hefur meðal annars leikið með Ensemble Intercontemporain og óperuhljómsveitinni í Limoges.

Nathanaël Iselin var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022-23 en honum bauðst staðan í kjölfar páskatónleika hljómsveitarinnar sem hann stýrði vorið 2022. Nathanaël hefur stjórnað fjölda tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og komið að og stjórnað mörgum fræðsluverkefnum, nú síðast Ungum einleikurum í maímánuði 2023 við glimrandi undirtektir.



Ross Jamie Collins

AÐSTOÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI

Ross Jamie Collins hefur þegar vakið athygli í tónlistarheiminum fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og mikla persónutöfra. Hann þreytti nýlega frumraun sína með Philharmoniahljómsveitinni í Lundúnum ásamt stjórnfiðluleikaranum Randall Goosby, hann hefur nýlega stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í San Fransisco í hinni framsæknu SoundBox-tónleikaröð sveitarinnar, auk þess sem hann sneri á dögnum aftur til Sinfóníuhljómsveitarinnar í Turku eftir vel heppnaða frumraun með henni 2021.

Collins stjórnaði Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ársbyrjun 2023. Hann er nýútskrifaður úr framhaldsnámi við Colburn-konservatoríð í Los Angeles og hefur samhliða námi starfað sem Salonen Fellow undir handarjaðri Esa-Pekka Salonen við Sinfóníuhljómsveitina í San Fransisco. Hann hefur aðstoðað Salonen bæði heima og að heiman, til að mynda með Philharmoniahljómsveitinni í Lundúnum, NDR hljómsveitinni í Elbphilharmonie í Hamborg, Fílharmóníusveitinni í Helsinki og Orchestre de Paris, auk sinfóníuhljómsveitanna í Houston og Fíladelfíu. Nú um stundir er Collins einnig Dudamel Fellow hjá Fílharmóníusveitinni í Los Angeles.

Ross Jamie Collins er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2023-24.



Hector Berlioz

DRAUMÓRASINFÓNÍAN

Framlag Berliozar (1803-69) til hljómsveitar- og óperu-tónlistar er mikilvægt í tvennum skilningi. Annars vegar framlag hans til þróunar á litrófi og hljómi hljómsveitarinnar og hins vegar framlag hans til prógrammtónlistar. Árið 1826 hóf Berlioz nám við Parísarkonservatoríð, þá 22 ára gamall. Berlioz bjó yfir lítilli kunnáttu í hljóðfæraleik en hljómsveitin var hljóðfæri tónskáldsins sem bjó yfir undraverðu næmi og frumleika þegar kom að hljómsveitarútsetningum. Hann skrifaði mjög merkilega kennslubók um það efni, *Grand Traité d'Instrumentation et d'Orchestration Modernes*. Berlioz var skapandi og skemmtilegur persónuleiki, ástríðufullt tónskáld, sem skráði á meistaralegan hátt ótrúlegt lífshlaup sitt sem gefið var út að honum látnum í bókinni *Mémoires* árið 1870. Auk þess var hann bráðfyndinn og ágengur tónlistargagnrýnandi og ritaði greinar í blöð sem birtust síðar í bókinni *Les soirées de l'orchestre*.

Árið 1830 vann Berlioz Rómarverðlaunin en það ár samdi hann fyrstu sínfóníu sína, *Draumórasinfóníuna*, sem ber undirtitilinn „*Þættir úr ævi listamanns*“. Sínfónían er í fimm köflum þar sem heiti kaflanna lýsa sýnum sem ungum ástsjúkum tónlistarmanni birtast þegar hann fellur í dásvefn eftir neyslu ópíums. Berlioz var frá sér numinn af ást á írsku leikkonunni Harriet Smithson og hafði hugsað sér *Draumórasinfóníuna* sem sjálfsævisögu og minnisvarða um ást sína á leikkonunni. Þessi fyrsta sínfónía Berliozar er um margt ótrúlegt verk, fullburða tónsmíð ungs tónskálds sem á sér fáar ef nokkrar hliðstæður í tónlistarsögunni og sér í lagi þegar það er haft í huga að ekki var mikil sínfónísk hefð í Frakklandi. Sínfónían var frumflutt í París 5. desember 1830 undir stjórn François-Antoine Habeneck og skrifaði tónskáldið skýringar við hvern þátt sínfóníunnar svo hlustandinn fengi innsýn inn í framgang og atburðarás verksins. Í skýringum Berliozar um verkið má meðal annars lesa:

Draumar – ástríður

Ungur tónlistarmaður sér stúlku drauma sinna og verður yfir sig ástfanginn af henni. Hinni heittelskuðu bregður fyrir í öllum þáttum sinfóniunnar sem laglínu eða endurteknu stefi, svokölluðu þrástefi (idée fixe) sem ásækir unga tónlistarmanninn allsstaðar. Í fyrsta þætti sinfóniunnar bregður fyrir funheitri ást og óbærilegri þjáningu, andagift og viðkvæmni og trúarlegri huggun.

Dansleikur

Listamaðurinn ratar í ólíkar aðstæður - ímyndar sér að hann sé þátttakandi í miklum gleðskap eða úti í friðsælli náttúrunni - en hvar sem hann kemur, í borgina eða sveitina, þá raskar hin heittelskaða sálarró hans.

Í sveitinni

Á sumarkvöldi uppi í sveit heyrir hann tvo smala leikast á – hjarðdúett á svissneskan máta. Sefandi tónlistin, landslagið og þyturinn í trjánum fylla hjarta hans af löngu horfinni friðsæld og von. Draumórar hans birtast í bjartari litum um stund en efinn er ekki langt undan: Hvað ef hún er honum ekki trú? Annar smalanna byrjar aftur að leika laglínuna en hinn svarar ekki. Sólin sest og í fjarska heyrast í þrumu, einsemd og þögn er alltumlykjandi.

Gangan til aftökunnar

Listamaðurinn er fullviss um að ást hans sé ekki endurgoldin og reynir að stytta sér aldur en ópíumskammturinn sem hann innbyrðir er ekki nægilega stór. Hann dreymir að hafa myrt sína heittelskuðu, sé dæmdur til dauða og upplifir eigin aftöku. Gangan til aftökunnar þokast áfram undir göngulagi sem er ýmist þungbúið og grimmdarlegt eða hátíðlegt og glæsilegt. Að lokum bregður þrástefinu (idée fixe) fyrir, stefi hans heittelskuðu, eins og hinstu hugsun um ástina sem er trufluð af falli axarinnar.

Nornadraumur – Dies irae – Nornadans

Listamaðurinn sér sjálfan sig í nornaveislu, umkringdan skelfilegum hópi afturgangna, galdrakarla og skrímsla sem koma saman fyrir jarðarför hans. Yfirnáttúruleg hljóð heyrast, kvein, skerandi hlátur og hróp úr fjarska. Laglína hans heittelskuðu heyrast en hefur tapað einkennum sínum og hljómar nú sem fyrirlitlegt danslag, ómerkilegt og afskræmt. Það er hún sem kemur til veislunnar! Komu hennar er fagnað með gleðihrópum. Kirkjuklukkur hringja og Dies irae (Dagur reiði, dagur bræði), sálumessusöngur kapólsku kirkjunnar hljómar og sameinast nornadansinum.

Hjördís Ástráðsdóttir

Tónlistin á Íslandi:

Draumórasinfónían hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói árið 1962 undir stjórn Jindrich Rohan. Fyrrum aðalhljómsveitarstjórar Sinfóníuhljómsveitarinnar Jacquillat, Sakari, Vänskä og Tortelier hafa allir stjórnað flutningi verksins ásamt heiðursstjórnanda hljóm-sveitarinnar, Vladimir Ashkenazy sem stjórnaði sinfóníunni í Háskólabíói 2007. Árið 2013 stýrði Baldur Brönnimann, sem stjórnaði Ungsveitinni árið 2012, flutningi verksins en síðast hljómaði verkið í meðförum Sinfóníuhljóm-sveitarinnar undir stjórn Yan Pascal Tortelier 2018.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

1. fiðla

Eyrún Huld Ingvarsdóttir
Helga Diljá Jörundsdóttir
Austin Ching Yu Ng
Hrafnhildur Halla Sigurðardóttir
Tómas Vígar Magnússon
Margrét Lára Jónsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Þórunn Sveinsdóttir
Hugrún Birna Hjaltadóttir
Særún Luna Solimene
Drífa Rán Solimene
Rozalia Maria Mietus
Björney Anna Aronsdóttir
Embla Karen Egilsdóttir Opp
Sóldís Perla Marteinsdóttir
Emilía Rut Kristjánsdóttir
Þórunn Helena Jónsdóttir
Steinunn Dís Öfjörð Sævarsdóttir
Sigrún Eðvaldsdóttir

2. fiðla

Elísabet Jóhannesdóttir
Þórdís Emilía Aronsdóttir
Sveindís Eir Steinunnardóttir
Isabella Liv Sigurgeirsdóttir
Maríanna Arney Ívarsdóttir Swift
Katrín Róbertsdóttir
Jóhanna Rannveig Jánsdóttir
Sigrún Klausen
E. Hafrún Guðjónsdóttir
Selma Elísa Ólafsdóttir
Haraldur Áss Liljuson
Hildur Tanja Karlsdóttir
Júlíana Valborg Þórhallsdóttir
Rannveig Lovísa Guðmundsdóttir
Júlía Guðmundsdóttir Gähwiller
Íris Torfadóttir
Justyna Bidler

Víola

Katrín Karítas Viðarsdóttir
Diljá Finnsdóttir
Hugrún Eva Haraldsdóttir
Ronja Davidsdóttir
Svanhildur Margrét Arnalds
Úlfur Þórarinsson
Arndís Ólafía Snorradóttir
Helga Björg Kjartansdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sunneva Kristín Guðjónsdóttir
Magnea Þorfinnsdóttir
Þórhildur Vala Sigurðardóttir

Selló

Ágústa Berggrós Jakobsdóttir
Högni Gunnar Högnason
Urður Eir Baldursdóttir
Anton Ragnar Vigfússon
Rut Sigurðardóttir
Gunnar Ingi Gunnarsson
Baldur Þórarinsson
Anna Vigdís Magnúsdóttir
Ingibjörg Árnadóttir
Helga Guðný Hallsdóttir
Viðja Elísabet Magnúsdóttir
Erna Tómasdóttir

Kontrabassi

Jóel Ben Tompkins
Jón Logi Pálmason
Xun Yang
T. C. Fitzgerald
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hildur Arna Hrafnisdóttir
Karen Jóna Steinarsdóttir

Óbó

Andreas Guðmundsson Gähwiller
Óssur Ingi Jónsson

Klarínnett

Hanna Sóley Guðmundsdóttir
Emilía Sara Ingvadóttir

Fagott

Berglind Bjarnadóttir
Guðjón Daníel Bjarnason
Nína María Elísabet Valgarðsdóttir
Anna Karen Ólafsdóttir

Horn

Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Maximilian Riefellner
Þorgerður Þorkelsdóttir
Atli Sigurðsson

Trompet

Ingunn Erla Sigurðardóttir
Bergur Daði Ágústsson
Unnur Vala Einarsdóttir
Yrja Orsolya Szabó

Básúna

Svava Freysdóttir
Baldur Kári Malsch Atlason
Anna Valgerður Káradóttir
Valtýr Ferrell

Túba

Rúnar Páll Árnason
Daníel Birkir Snorrason

Harpa

Margrét Tekla Arnfríðardóttir
Elísabet Waage
Mahaut Ingiríður Matharel

Pákur

Matiss Leo Meckl
Magnús Már Newman

Slagverk

Hekla Sif Sævaldsdóttir
Breki Freysson
Fríðrik Rafn Ólafsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigpór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

Verkefni Ungsveitar SÍ

2009

Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012

Gustav Holst: Pláneturnar
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013

Hector Berlioz: Karnival í Róm
Claude Debussy: La mer
Edward Elgar: Sellókonsert
Sæunn Porsteinsdóttir, einleikari
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015

Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2017

Ígor Stravinskíj: Vorblót
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2018

Pēteris Vasks: Viatore
Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2019

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2021

Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri

2022

Sergej Rakhmanínov: Sinfónía nr. 2
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri

Verkefni Ungsveitar SÍ á Tectonics og Myrkum músíkdögum

Ungsveit á Tectonics 2013

Robert Ashley: In memoriam... Crazy Horse
Stephen Montague:
In memoriam Jim Tenney
Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2014

Alvin Curran: Beams
Robyn Schulkowsky: Spunaverk
Robyn Schulkowsky, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2015

Hafdís Bjarnadóttir: Sveimur
Hafdís Bjarnadóttir, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Myrkum músíkdögum 2017

John Luther Adams: Sila:
The Breath of the World
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri

Önnu-tvenna

05.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Anna og Elgar

Á tónleikunum hljómar hinn margrómaði sellókonert Edwards Elgars í flutningi austurríska sellóleikarans Kians Soltani, sem íslenskir tónleikagestir fengu að kynnað vorið 2022 þegar hann lék sellókonert Schumanns við mikinn fögnuð.

Meðal þeirra fjölmörgu sem sellókonert Elgars hefur hrifið með sér í gegnum tíðina er Anna Þorvaldsdóttir tónskáld, sem kynntist verkinu sem ungur sellónemandi í Borgarnesi. Sem kunnugt er átti Anna eftir að gera tónlistina að ævistarfi með glæsilegum árangri.

Á þessum tónleikum hljómar, ásamt sellókonerti Elgars, AIÖN-sinfónía Önnu en hún byggir á verkinu AIÖN sem Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti ásamt Íslenska dansflokknum árið 2021. Þá fléttaðist dansverk Ernu Ómarsdóttur saman við hljóðfæraleik hljómsveitarinnar.

Anna Þorvaldsdóttir hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í ársbyrjun 2018 og er þessum tónleikum, ásamt tónleikum í Hallgrímskirkju daginn eftir, ætlað að fagna þessu gjöfula samstarfi með því að flytja verk hennar samhliða öðrum stórvirkjum úr tónlistarsögunni.

06.10 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00

Archora í Hallgrímskirkju

Þessir föstudagstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hallgrímskirkju eru helgaðir verkum Önnu Þorvaldsdóttur og haldnir í samstarfi við Hallgrímskirkju. Þar hljómar í upphafi hljómsveitarverkið METACOSMOS, þar sem fegurð og óreiða takast á. Þá tekur við innilegur sálmur Önnu fyrir kór, Heyr þú oss himnum á, og Ad Genua við ljóð Guðrúnar Evu Mínervudóttur, fyrir sópran, kór og strengjasveit. Bryndís Guðjónsdóttir sópransöngkona syngur ásamt Kór Hallgrímskirkju en stjórnandi hans er Steinar Logi Helgason. Að lokum verður hljómsveitarverk Önnu, ARCHORA, flutt undir stjórn Evu Ollikainen en Eva hélt einnig um tónsprotann við heimsfrumflutning verksins á Proms, tónlistarhátið breska ríkisútvarpsins BBC, í Royal Albert Hall sumarið 2022. Verkið var flutt í orgellausri útgáfu í Eldborg haustið 2022 en að þessu sinni fær hið glæsilega Klais-orgel Hallgrímskirkju að njóta sín.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Jóhann Jóhannsson og Philip Glass

28. SEPTEMBER | KL. 19:30

Jóhann Jóhannsson var eitt þekktasta kvikmyndatónskáld samtímans þegar hann féll frá langt fyrir aldur fram árið 2018. Á þessum útgáfutónleikum fagnar Sinfóníuhljómsveit Íslands nýrri hljómplötu sveitarinnar undir merkjum þýska útgáfurisans Deutsche Grammophon, *A Prayer to the Dynamo*, með tónlist Jóhanns Jóhannssonar. Einnig hljómar hin heillandi og leiðslukennda *sinfónía nr. 1* eftir Philip Glass en hún byggir á hljómplötu Davids Bowie, *Low*, frá árinu 1977.

MIÐASALA Á SINFONIA.IS